

GAMLI TÍMINN

I-2 bekkur grunnskóla

Um fræðsluna

Hvernig lifði og bjó fólkið í gamla daga? Farið er í könnunarleiðangur í torfbæinn Árbæ. Nemendur skoða bæinn út frá spjöldum með myndum af ákveðnum hlutum og rýmum. Spjallað um það sem þau sáu og það sem er í gangi á hverri árstíð fyrir sig og borið saman við lífið í dag.

Grunnurinn í þessari fræðslu er alltaf eins, könnunarleiðangurinn um Árbæ með spjöldunum. Spjallið á eftir og virkni fer alltaf ef því sem er í gangi á hverri árstíð fyrir sig, vetri, vori, sumar og haust.

**Borgarsögusafn
Reykjavíkur**

GRUNNSKÓLAR

Markmið heimsóknar

Markmið heimsóknarinnar er að nemendur setji sig inn í það hvernig fólkið lifði og bjó í gamla daga. Geti upplifað og sett sig í spor þeirra.

Hvað ætlum við að gera?

Farið verður í tvö hús. Fyrst í hús sem heitir Líkn sem er fræðsluhúsið á safninu. Þar er hægt að taka af sér töskur og geyma meðan farið er í könnunarleiðangur með spjöldum um torfbæ safnsins sem heitir Árbær (max 25 mín með göngu fram og til baka). Svo er komið til baka og spjallað um það sem við sáum og lífið í dag borið saman við lífið í gamla daga.

Hópastærð

Einn grunnskólabekkur.

Tímalengd

Um 50 mínútur.

Rusl

Ef hópar eru með nesti þarf að bóka tíma fyrir nesti um leið og heimsókn er bókuð til að forðast árekstra við aðra hópa. Taka þarf allt rusl með sér eftir heimsókn.

Seinkun

Ef hópnum seinkar, vinsamlegast látið strax vita, á safnfraedsla@reykjavik.is eða í síma 411-6300.

Tengingar við Aðalnámskrá

Heimsóknin nýtist sem stuðningur við kennslu í samfélagsfræði og tengist umhverfi, samfélagi, sögu, menningu og hæfni nemanda til að skilja veruleikann. Nemendur fá innsyn í samfélagið eins og það var áður fyrr og hvernig aðstæður höfðu mótandi áhrif á matarmenningu á Íslandi.

Umsjónarskylda

Kennarar og stuðningsaðilar, sem starfa með nemendunum að öllu jöfnu, koma með í heimsóknina og taka virkan þátt í henni því þeir þekkja þarfir nemenda best.